

Þema 3. bekkur 2021-22

Kynning á námsgreininni og kennsluaðferðir

Þemanámsefni 3. bekkjar tvinnar saman samfélags- og náttúrufræði greinar.

Samfélagsfræði samanstendur af sögu, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni og siðfræði. Í samfélagsfræðinni er leitast við að auka hæfni nemenda til að skilja umhverfið, samfélagið, söguna og menninguna. Einnig að átta sig á sjálfum sér og að mynda og þróa tengsl sín við aðra.

Náttúrugreinar samanstanda af náttúrufræði, eðlisvísindum, jarðvísindum, lífvísindum og umhverfismennt. Í kennslunni er leitast við að auka hæfni nemenda til að beita vitneskju sinni, þekkingu og leikni til að hafa áhrif á umhverfi sitt og bæta það.

Í lífsleikni er unnið út frá uppeldisstefnu skólans *Uppeldi til ábyrgðar*.

Þemavinnan er unnin í lotum og er sú vinna samofin kennslu í íslensku og stærðfræði.

Námsáætlun

Tímabil	Viðfangsefni	Hæfniviðmið
Ágúst og september		
Ágúst - September	Gildi skólans: virðing - ábyrgð - vellíðan	- skilji hugtök tengd gildum skólans
	Almennar reglur og húsreglur	- Geta sýnt tillitsemi í leik og starfi. - Sýnt ábyrgð í samskiptum við aðra.
	Skýr mörk	- Skilji og geti sagt frá hvernig orð og athafnir hafa áhrif á aðra.
	Hlutverk/starfslýsing	- Tekið þátt í vinnu að sáttmála um samskipti innan bekkjarins.
	Bekkjarsáttmáli	- Þekki gerð og uppbyggingu jarðar
	Hálendi, láglendi, þéttbýli, dreifbýli, náttúra	- Þekki hugtökin náttúra, hálendi, láglendi, þéttbýli og dreifbýli.
Október	Gerð jarðar	
	Landnám Íslands og landnámsfólk	- Geta sagt frá landnámi Íslands. - Þekki fyrstu landnámsmenn.
	Þarfirnar	- Þekki þarfahringinn og skilji hvernig þarfir hvers og eins hafa áhrif á hegðun og líðan.
	Óskaveröldin	
	Heimsálfurnar	- Gera sér grein fyrir eigin þörfum.
	Íslenska stjórnkerfið	- Þekki heimsálfurnar sjö
Nóvember		- Bent á nokkrar mikilvægar stofnanir samfélagsins
	Þarfirnar	- Þekki þarfahringinn og skilji hvernig þarfir hvers og eins hafa áhrif á hegðun og líðan.
	Óskaveröldin	
	Íslenski fáninn	- Gert sér grein fyrir eigin þörfum.
	Skjaldarmerkið	- Geta áttað sig á muninum á mismunandi lífsviðhorfum.

		- Gera sér grein fyrir eigin þörfum.
		- Geta borið virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum.
		- Þekki og skilji merkinguna á bakvið íslenska fánann og skjaldarmerki Íslands.
		- Þekki og skilji jarðfræðilega og sögulega sérstöðu Þingvalla.
		- Geta útskýrt hringrás vatns í náttúrunni.
		- Skilji og geti útskýrt hvernig jarðhiti verður til.
Desember	• Þingvellir • Jarðhitinn • Hringrás vatns • Jól	- Skilji og geti útskýrt hvernig jarðhiti hefur áhrif á líf og búsetu manna á jörðinni. - Geta sagt frá helstu hátíðum og siðum ýmisa trúarbragða í nærsamfélaginu. -
Janúar	• Lífsvagninn • Hvernig manneskja vil ég vera? • Þjóðsögur	- Bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig, - Þekki þekktar íslenskar þjóðsögur - Sagt frá atburðum og persónum á völdum tímum, sem tengjast nærsamfélaginu
Febrúar	• Lífsvagninn • Hvernig manneskja vil ég vera? • Hvað gerist þegar matur er eldaður? • Blöndun ólíkra vökva.	- Bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig, - Skilji og geti útskýrt mismunandi hitastig og efnabreytingar sem það veldur. - Skilji ákveðnar efnabreytingar
	Lífsvagninn	
Mars	• Hvernig manneskja vil ég vera? • Hitaleiðni • Stöðurafræðingur	- Bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig,
Apríl	Þáskar. Hvað er fjall? Landakort Jarðfræði Íslands	- Sagt deili á nokkrum helstu hátíðum og siðum kristni og annarra trúarbragða, einkum í nærsamfélaginu, - Áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra - Nefnt dæmi um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu, sögu og menningar
	Upprifjun á uppbyggingu sjálfsaga.	- Sagt frá einkennum og sögu heimabyggðar og tengslum við önnur svæði á Íslandi
Maí	Fjöllin. Náttúra og samfélag á Seltjarnarnesi.	- Gert sér grein fyrir nokkrum einkennum þess að náttúrufar breytist vegna ytri áhrifa, -

Grunnþættir menntunar

Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig

upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum.

Grunnþættir menntunnar eru: Læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Í þemanámsefninu í 3. bekk verður unnið með grunnþættina á eftirfarandi hátt:

- **Læsi:** Í hugtakinu læsi felst einkum tvennt, lestur og ritun. Með þjálfun í lestri, ritun, málfræði og lesskilningi eflist færni nemendanna til þess að geta aflað sér upplýsinga, tjáð sig og miðlað þekkingu. Nemendur þjálfast í læsi á umhverfi sitt, samfélag og sögu.
- **Sjálfbærni:** Í tengslum við námsefnið Komdu og skoðaðu land og þjóð vinna nemendur verkefni sem tengjast okkar nánasta umhverfi, umhverfisvernd og sjálfbærni.
- **Lýðræði, mannréttindi og jafnrétti:** Nemendur verða virkir og taka þátt í samræðum t.d. sem spjallfélagar og á bekkjarfundum. Nemendur vinna með verkefni tengd nær-samfélaginu og gera bekkjarsáttmála. Í tengslum við Komdu og skoðaðu land og þjóð kynnast nemendur sögu lýðveldisins og störfum alþingis.
- **Sköpun:** nemendur eru hvattir til að leita skapandi leiða við úrlausnir verkefna og vinna ýmis verk í tengslum við námsefnið.

Námsmat

Námsmat fer fram með margvíslegum hætti og er byggt á hæfniviðmiðum greinarinnar. Niðurstöðurnar birtast á hæfnikortum nemenda.

- **Frammistöðumat** þar sem metinn er árangur ákveðinna verkefna með formlegum hætti.

Stöðugt alhliða námsmat sem fer fram við raunverulegar aðstæður og á löngum tíma. Alhliða námsmat miðar að því að meta hvort nemendur hafi öðlast hæfni til að nýta þá þekkingu og leikni sem þeir hafa tileinkað sér.

Sjálfsmat þar sem nemendur taka þátt í eigin mati.

Formlegt námsmat í janúar og maí er birt á Mentor.

Stöðugt alhliða námsmat er rætt í nemenda- og foreldraviðtölum.

.

Hlutverk og vinnulag nemandans

Samskipti: Einkunnarorð skólans, virðing, ábyrgð, vellíðan eru höfð að leiðarljósi. Áhersla er lögð á að nemendur geti unnið með öðrum að skipulögðum verkefnum og eigi góð samskipti.

Mæting: Nemendur bera ábyrgð á að mæta stundvíslega í tíma.

Virgni í tímum: Áhersla er lögð á að nemendur öðlist hæfni til að geta unnið sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.

Skýldur nemenda: Nemendur fara eftir skólareglum og virði bekkjarsáttmála og fyrirmæli kennara og annars starfsfólks.

Stoðþjónusta fyrir nemendur: Áætlun um stoðþjónustu unnin með sérkennara.

VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

Sel - þemanám 3. bekkur

- **Hæfni á námssviði**

Sel - Þemanám 3. bekkur - Náttúrugreinar, samfélagsgreinar, lífsleikni

- Skilji hugtök tengd gildum skólans.
- Sýnt ábyrgð í samskiptum við aðra.
- Þekki þarfahringinn og skilji hvernig þarfir hvers og eins hafa áhrif á hegðun og líðan.
- Geta áttað sig á muninum á mismunandi lífsviðhorfum.
- Þekki hugtökin náttúra, hálendi, láglendi, þéttbýli og dreifbýli.
- Þekki og skilji merkinguna á bakvið íslenska fánann og skjaldarmerki Íslands.
- Þekki og skilji jarðfræðilega og sögulega sérstöðu Þingvalla.
- Þekkja þekktar íslenskar þjóðsögur.
- Geta útskýrt hringrás vatns í náttúrunni.
- Bent á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig.
- Skilji og geti sagt frá hvernig orð og athafnir hafa áhrif á aðra.
- Gera sér grein fyrir eigin þörfum.
- Nefnt dæmi um einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu, sögu og menningar.
- Áttað sig á hlutverki landakorta og notagildi þeirra.
- Sagt frá einkennum og sögu heimabyggðar og tengslum við önnur svæði á Íslandi.
- Bent á nokkrar mikilvægar stofnanir samfélagsins.
- Geta sagt frá helstu hátíðum og siðum ýmisa trúarbragða í nærsamfélaginu.
- Gera sér grein fyrir áhrifum hitunar, kælingar og blöndunar algengra efna.
- Geta sýnt tillitsemi í leik og starfi.
- Tekið þátt í vinnu að sáttmála um samskipti innan bekkjarins.

- Geta borið virðingu fyrir mismunandi lífsviðhorfum og lífsháttum.
- Þekki gerð og uppbyggingu jarðar.
- Geta sagt frá landnámi Íslands.
- Þekki heimsálfurnar sjö.
- Skilji og geti útskýrt hvernig jarðhiti hefur áhrif á líf og búsetu manna á jörðinni.
- Tekið þátt í og sagt frá einföldum athugunum /tilraunum.

Sel - Þemanám 3. bekkur - Lykilhæfni

- Leggur sig fram við námið og nýtir tímann sinn vel.
- Unnið vel eftir fyrirmælum og sjálfstætt.
- Tekið virkan þátt í samræðum, hlustað meðan aðrir tala og af öryggi tjáð eigin hugsanir og skoðanir.